

Ed.

476. Nefndarálit

[49. mál]

um frumvarp til laga um hlutafélög.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Gildandi lög um hlutafélög eru frá árinu 1921. Litlar breytingar hafa verið gerðar á þeim á meira en hálfri aldar gildistíma þeirra. Löggin eru því að mörgu leyti orðin úrelt, enda verður löggjöf sem þessi að fullnægja þörfum atvinnu- og viðskiptalífsins á hverjum tíma. Á þessum langa tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög voru sett, hefur atvinnu- og viðskiptalíf tekið miklum breytingum. Reynsla hefur og fengist um lagareglur, sem að hlutafélögum lúta, og um kosti og galla hlutafélagsformsins almennt. Á þessum tíma hefur hlutafélögum fjölgað ört. Er því orðið tímabært að setja ný hlutafélagalög. Löggjöf um hlutafélög hefur verið endurskoðuð víða í nágrannalöndunum. Á síðustu árum hafa ný lög verið sett um hlutafélög á Norðurlöndum, enda þótt þau lönd hafi búið við mun yngri og fullkonnari löggjöf í þessum efnum en Ísland. Innan Efnahagsbandalags Evrópu hefur verið unnið að samræmdum reglum um hlutafélög fyrir aðildarríkin. Frumvarpið tekur einkum mið af norrænu lögnum og tillögum samnorrænnar nefndar um hlutafélög. Íslenskt fjárhagskerfi og þjóðfélagshættir krefjast þó margvíslegra frávika, enda hefur svo orðið annars staðar, þrátt fyrir viðleitni til samræmingar á þessu sviði.

Í frumvarpinu er m. a. leitast við að treysta hlutafélagsformið og auka lýðræði í hlutafélögum, t. a. m. með því að bæta réttarstöðu minnihlutahópa í félögnum. Reynt er að leysa úr ýmsum vafaatriðum, sem upp kunna að koma í hlutafélögum og í skiptum þeirra við aðra aðila.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur farið yfir frumvarpið ásamt fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. fyrir hagkvæmnissakir, þar sem frumvarpið er mjög yfirgripsmikið og athugun því tímafrek.

Umsagna var leitað hjá ýmsum aðilum og bárust umsagnir frá þeim, er hér greinir:

Landssambandi ísl. útvegsmanna.
Vinnuveitendasambandi Íslands.
Verslunarráði Íslands.
Lögmannafélagi Íslands.
Félagi löggiltra endurskoðenda.
Lagadeild Háskóla Íslands.
Viðskiptadeild Háskóla Íslands.
Sambandi ísl. viðskiptabanka.
Seðlabanka Íslands.
Skattrannsóknarstjóra.

Við athugun á frumvarpinu naut nefndin einkum aðstoðar Gylfa Knudsen deildarstjóra. Kann nefndin honum bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Nefndin hefur fallist á að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingartillögum, sem hún leggur fram á sérstöku þingskjali. Tillögurnar, sem eru

margar, eru til komnar vegna ábendinga í umsögnum og við athugun nefndarinnar á frumvarpinu.

Verður nú gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

Við 1. gr.

Nefndin telur ekki til bóta að hækka lágmarksfjölda hluthafa úr fimm í tíu, enda er það í ósamræmi við þá leið, sem víðast hvar hefur verið farin erlendis í þessum efnum. Nefndin fær ekki séð, að komið verði í veg fyrir stofnun gervi-hlutafélaga með þessari breytingu, en sá er tilgangurinn. Nefndin leggur því til, að sama regla gildi áfram um þetta og nú er, þ. e. hluthafar verði fimm hið fæsta.

Lagt er til, að lágmarksfjárhæð hlutafjár hækki úr 1 000 000 kr. í 2 000 000 kr. Jafnframt er lagt til, að breytt verði reglum um það lágmark hlutafjár, sem skal vera innborgað við skráningu, og lengdur frestur til greiðslu eftirstöðva, sbr. síðar.

Við 3. gr.

Lagt er til, að gerðar verði ríkari kröfur um búsetu stofnenda hér á landi. Í stað þess ákvæðis frumvarpsins, að minnst helmingur stofnenda skuli eiga heimilisfesti hér á landi komi skilyrði um, að meiri hluti þeirra skuli hafa verið búsettur hér á landi í minnst tvö ár.

Í hóp þeirra aðila, sem geta verið stofnendur að hlutafélagi, er bætt skráðum sameignarfélögum, sem eru sjálfstæðir skattþegnar.

Við 5. gr.

Lagt er til í c-lið 2. mgr., að ráðherra hafi heimild til að veita undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar og í stað opinberra skráningargjalda, sem undanskilja á hámarki stofnkostnaðar, komi opinber gjöld, og er þá t. d. haft í huga, að stimpilgjöld, gjöld fyrir atvinnuleyfi o. þ. h. falli undir þessa undanþágureglu.

Lagt er til, að í 3. mgr. verði notað orðið „upphafsefnahagsreikningur“ í stað orðanna „yfirlit um upphafsreikninga“.

Við 6. gr.

Lagt er til, að heimilt verði að ákveða hlutafé innan tiltekinna marka, þ. e. a. s. lágmark þess og hámark. Nefndinni þykir rétt að veita þetta svigrúm.

Sú málsg. sem bætist við, sbr. b-lið, er nú í 2. mgr. 104. gr. frumvarpsins. Eðlilegra þykir að hafa þetta ákvæði í 6. gr. í tengslum við reglur um efni samþykktu.

Við 8. gr.

Orðalagsbreyting til skýringarauka.

Við 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 10. gr.

Breyting, sem stafar af því, að lagt er til, að heimilt verði að ákveða hlutafé innan tiltekinna marka, sbr. athugasemd við 6. gr. hér að framan.

Við 11. gr.

Í frumvarpinu er lagt til, að minnst helmingur hlutafjár skuli vera greiddur við skráningu, þó aldrei minna en 600 000 kr. Nefndin telur þessa reglu of stranga miðað við íslenskar aðstæður og leggur því til, að miðað verði við fjórðung hlutafjár í þessum efnum, eins og nú gildir. Þó verði aldrei minna greitt við skráningu en 1 000 000 kr., sbr. og tillögu um hækkun hlutafjár í 2 000 000 kr. Enn fremur leggur nefndin til, að sömu reglur gildi um innborgun þess hluta hlutafjár, sem greiddur er umfram nafnverð.

Við 13. gr.

Hér er lagt til, að sú tilslökun verði gerð frá þeirri reglu, að greiðsla hlutar skuli ávallt nema minnst nafnverði hans, að heimilt verði að draga frá sannanlega sölubókun allt að 10%. Hér er höfð í huga starfsemi svokallaðra „frumkvöðla“ eða „underwriters“, eins og þeir eru kallaðir á erlendu máli.

Við 15. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um, hvenær greiða skuli það hlutafé, sem ekki er greitt við skráningu. Það er því á valdi félagsstjórnar að ákveða, hvenær eftirstöðvar skuli greiddar. Í frumvarpinu er lagt til, að hlutaféð verði greitt að fullu innan árs frá því að félag var skráð. Nefndin telur þennan frest of skamman miðað við íslenskar aðstæður og leggur því til, að hann verði þrjú ár.

Við 16. gr.

Samsvarandi breyting og á 15. gr.

Við 17. gr.

Í samræmi við breytingu á lágmarksfíölda hluta í 1. gr.

Við 18. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf með ákvæðum í samþykktum, enda þótt nokkuð sé dregið úr möguleikum hlutafélaga í þeim efnum frá því sem nú gildir. Þessar hömlur má leggja á, hvort sem um er að ræða opin félög, þar sem hluthafar eru margir, eða lokuð, fámenn félög.

Nefndin telur óeðlilegt, að unnt verði að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í fjölmennum félögum, og álitur, að viðskipti með hlutabréf í slíkum félögum eigi að vera hindrunarlaus. Er því lagt til, að bannað verði að leggja hömlur á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri.

Við 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 24. gr.

Nefndin leggur til, að sú breyting verði gerð á 5. mgr., að ljóst sé, að stjórnvöld hafi aðgang að hlutaskrá.

Við 27. gr.

Orðalagsbreyting í samræmi við þá meginreglu 77. gr., að endurskoðendur hlutafélags séu tveir hið fæsta.

Við 28. gr.

Orðalag er hér gert skýrara með því að taka fram, að skerðing réttar, sem í greininni er fjallað um, verði að ganga jafnt yfir alla hluthafa, þannig að engum sé mismunað.

Við 30. gr.

Ekki er eðlilegt, að hluthafi öðlist rétt til arðs, fyrr en hlutur hefur verið greiddur. Með breytingunni er ætlunin að koma í veg fyrir, að hluthafi geti krafist arðs, fyrr en hann hefur staðið skil á andvirði hlutar síns.

Við 34. gr.

Þessi breyting er í samræmi við breytinguna á 11. gr., sbr. athugasemdir við þá grein hér að framan.

Við 35. gr.

Ónauðsynlegt er að taka fram um lágmark hér og því lagt til, að orðið falli niður.

Nýr kafli.

Nefndin leggur til, að á eftir V. kafla frumvarpsins komi nýr kafli í 3 greinum, er verði VI. kafli og fjalli um lántöku með sérstökum skilmálum. Hér er um að ræða skuldabréfalán hlutafélags, sem breyta má í hluti í því. Ákvæði um þetta efni hafa verið tekin upp í löggjöf um hlutafélög á Norðurlöndum.

Vegna sívaxandi fjárfestingarþarfar atvinnulífsins hefur víða verið leitað eftir öðrum leiðum til fjármögnunar en hlutafjárframlögum og venjulegum lánnum. Þau breytanlegu lán, sem hér um ræðir, eru eins konar millistig venjulegra lána og hlutafjár. Þessi háttur hefur lengi tíðkast í ýmsum ríkjum Evrópu svo og Bandaríkjunum.

Um þessi breytanlegu skuldabréf eru ákvæði í 39. og 40. gr. Þar eru settar ýmsar reglur um ákvörðun um töku slíkra skuldabréfalána og m. a. vísað til þeirra reglna, sem gilda um ákvarðanir um hækkun hlutafjár. Ákvæði greinanna sýnast skýra sig að flestu leyti sjálf.

Með ákvæðum 41. gr. er veitt heimild til lántöku með skuldabréfum, þar sem vextir taka mið af arði eða árságóða. Hér er um að ræða svokölluð arðgefandi skuldabréf. Opinberum vaxtaákvörðunum verður vitaskuld að hlíta.

Nefndinni þykir rétt að hafa ákvæði um þessi skuldabréfalán í frumvarpinu, þótt knýjandi þörf kalli ekki á reglur um þetta nú.

Við 44. gr.

Í því skyni að auka vernd minnihlutans leggur nefndin til, að heimilt verði að hafa aðrar kosningaaðferðir en venjulega meirihlutakosningu. Er hér annars vegar um það að ræða, að hlutafélögum verði heimilt að ákveða slíkt í félagssamþykktum, og hins vegar að veita tilteknum minni hluta ($\frac{1}{4}$) rétt til að krefjast þess að annarri kosningaaðferð verði beitt. Þær kosningaaðferðir, sem velja má um, eru hlutfallskosning og margfeldiskosning. Margfeldiskosning þarfnast nánari skýringa, enda ekki eins kunn og hlutfallskosning. Slíkri kosningu er þannig háttáð, að gildi hvers atkvæðis í félaginu er margfaldað með tölu þeirra manna, sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. aðeins einum manni er greitt atkvæði, er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi.

Við 46. gr.

Nefndin álitur viðmiðunartölur hér of lágar og leggur því til, að þær verði hækkaðar í 30 000 000.00 kr.

Við 48. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 49. gr.

Orðalagi er hér breytt.

Við 51. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki heimilt að kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann félagsstjórnar. Nefndin telur þetta of strangt miðað við íslenskar aðstæður og leggur því til, að þetta gildi í félögum, þar sem hlutafé er hærra en 30 millj. króna. Hér er því um sömu viðmiðun að ræða og í 46. gr. varðandi skyldu til að ráða framkvæmdastjóra o. fl.

Við 52. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 53. gr.

Nefndinni þykir rétt að leggja áherslu á skyldu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra til að upplýsa um hagsmunaárekstra.

Við 54. gr.

Nefndin telur óheppilegt að hafa ítarlegar reglur um vald og starfssvið fulltrúa- nefnda í frumvarpinu, þar sem engin reynsla er af slíkum nefndum hér á landi.

Við 59. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Við 60. gr.

Nefndin telur ákvæði frumvarpsins um að heimilt sé að ákveða í samþykktum, að hluthafar verði að tilkynna félaginu þátttöku sína innan ákveðins tíma fyrir hluthafafund, óheppileg og of mikla skerðingu á rétti hluthafa. Því er lagt til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

Við 61. gr.

Bætt er við ákvæði um, að umboð megi hvenær sem er afturkalla.

Við 64. gr.

Nefndin telur frest þann, sem um getur í 1. mgr., of skamman og leggur því til, að hann verði lengdur í 9 mánuði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að sú vernd, sem minni hluta er veitt í 3. mgr., miðist við hluthafahóp, sem ræður minnst 1/10 hluta hlutafjárins. Nefndin telur, að þarna sé um of lítinn hóp að ræða, og leggur því til, að miðað verði við 1/5. Sam- svarandi breytingar eru gerðar á öðrum stöðum í frumvarpinu, þar sem um minni- hlutavernd er að ræða.

Við 68. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Við 69. gr.

Hér er lagt til, að rýmri heimild verði veitt til að taka mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, til úrlausnar.

Við 70. gr.

Í 4. mgr. 70. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á fundarstjóra að gera skrá yfir hluthafa, er fund sækja. Nefndin telur þetta of bindandi og leggur til, að ekkert verði tekið fram um það, hver skuli gera skrána, einungis að hún skuli gerð.

Við 71. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Við 77. gr.

Hér er lögð til sú breyting, að nægilegt verði, að endurskoðandi sé einn, ef um löggiltan endurskoðanda er að ræða. Ennfremur er lagt til, að réttur minni hlutans til að ráða vali eins endurskoðanda, verði háður því, að tillaga um kosningu endur- skoðanda hafi verið felld.

Við 79. gr.

Hér er lagt til, að þau mörk, sem skyldan til að kjósa löggiltan endurskoðanda miðast við, verði hækkuð og þeim breytt. Sérstakur aðlögunartími er veittur í þessum efnum, sbr. 154. gr. og athugasemdir við hana hér aftar.

Við 80. gr.

Hér er lagt til, að lítills háttar verði dregið úr hæfisskilyrðum endurskoðenda að því er varðar frændsemi og tengdir við almenna stjórnarmenn.

Við 83. gr.

Orðalagi er hér lítills háttar breytt.

Við 85. og 86. gr.

Hér er lagt til, að þessar greinar verði sameinaðar og þeim breytt. Breytingin felst einkum í því, að sú tvískipting endurskoðunaryfirlýsingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er afnumin og áritun og endurskoðunarskýrsla er sameinuð í eina endurskoðunaryfirlýsingu.

Við 87. gr.

Greinin er einfölduð.

Við 88. gr.

Felld niður skylda sú, sem í frumvarpinu er lögð á endurskoðendur til að sitja hluthafafundi.

Við 91. gr.

Hér er lengdur frestur sá, sem um ræðir í 3. mgr., úr 1 mánuði í 1½ mánuð.

Við 93. gr.

Tekið er fram um veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar í 97. gr. og því óþarft að taka það fram hér. Greinin er því einfölduð í samræmi við þetta.

Við 96. gr.

Í stað þess að færa eigin hlutabréf til eignar án verðs er hér lagt til, að þau skuli færð til frádráttar heildarhlutafé. Enn fremur er gerð breyting í 5. mgr., þar sem bætt er við hækkun vegna verðtryggingar langtímalána.

Við 102. gr.

Hér er einkum um það að ræða, að ákvæði frumvarpsins um samstæðuskýrslu eru felld niður og veitt er heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar, ef gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin. Sérstakur aðlögunartími er veittur varðandi þessa grein, sbr. brtt. við 154. gr.

Við 104. gr.

Orðalag er hér gert nákvæmara. 2. mgr. er felld niður og hún höfð í 6. gr., sbr. athugasemdir við hana hér að framan.

Við 106. gr.

Bætt er við framlögum í aðra lögbundna sjóði.

Við 107. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 108. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 110. gr.

Réttara þykir að miða hér við hugtakið bundið eigið fé heldur en hlutafé. Til að taka af tvímæli er orðalag síðari másl. 3. mgr. gert skýrara.

Við 112. gr.

Þessi breyting er afleiðing af fækkun lágmarksfjölda hluthafa í fimm.

Við 113. gr.

Hér er lagt til, að miðað verði við hluthafahóp, sem ræður 1/5 hlutafjárins í stað 1/10, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Enn fremur er lagt til, að tekið verði fram til glöggvunar, að félagi skuli slitið með dómi.

Við 121. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 131. gr.

Lagt er til, að minnihlutaverndin skuli miðast við hluthafahóp, sem ræður minnst $1/5$ af heildarhlutafénu í stað $1/10$.

Við 132. gr.

Orðalag er hér gert nákvæmara.

Við 143. gr.

Nefndin leggur hér til, að tekin verði upp heimild til handa ráðherra til að heimila opinberan aðgang að hlutafélagaskránni. Víða erlendis hefur almenningi verið veittur réttur til að kynna sér allt það, sem tekið hefur verið á hlutafélagaskrá, ásamt fylgigögnum. Nefndin telur það vera í samræmi við kröfur tímans að veita sem víðtækastan aðgang að skránni og einnig reikningum hlutafélaga, sem verða í vörslu skrárinnar. Þar sem nauðsynlegt kann að reynast, að aðgangur verði gerður almennur í áföngum, telur nefndin heppilegast, að ráðherra kveði á um þetta.

Við 149. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 154. gr.

Frumvarpið felur í sér miklar breytingar frá gildandi lögum. Ýmsar nýjar skyldur og kvaðir eru lagðar á hlutafélög með því. Nauðsynlegt er því, að hlutafélögum gefist nægilegur tími til að átta sig á breytingunum og aðlaga sig þeim. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir því, að núverandi hlutafélagaskrár verði sameinaðar í eina skrá, sem krefst tímafreks undirbúnings. Nefndin telur því að gefa verði rúman tíma frá því að löggin eru samþykkt og þar til þau taka gildi. Nefndin leggur því til, að löggin taki gildi 1. janúar 1980. Er það hið skemmsta, sem unnt er með góðu móti að komast af með.

Nefndin telur þó óhætt og eðlilegt, að ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksfjárhæð hlutafjár taki gildi strax, enda er núgildandi lágmarksfjárhæð að engu orðin vegna verðlagsþróunar. Hér er einungis um það að ræða, að fjárhæðin sem slík er hækkuð. Reglur gildandi laga um innborgun við skráningu og greiðslu eftirstöðva gilda áfram, þar til ákvæði þessa frumvarps koma almennt til framkvæmda.

Sérstaklega verður að taka fram, hvenær ákvæðin um ársreikning komi til framkvæmda. Lagt er til, að þau taki gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979, þ. e. gert skal upp á árinu 1980 eftir hinum nýju reglum.

Eins og áður getur er þörf á lengri gildistöðufresti varðandi skyldu hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda, sbr. 79. gr., og skyldu til að gera samstæðureikning, sbr. 102. gr. Lagt er til, að þessi ákvæði komi til framkvæmda 1. janúar 1982. Kanna þarf, hversu mörg hlutafélög mundu falla undir skyldu samkvæmt 79. gr.

Alþingi, 4. apríl 1978.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Axel Jónsson.

Jón Helgason,
fundaskr.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.

Albert Guðmundsson.

Jón Árm. Héðinsson.

Jón G. Sólmes.